

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Akureyri 18. október 2021
UST202110-134/K.R.
11.08

Efni: Tillögur um veiðistjórnun á rjúpu 2021

Umhverfisstofnun vísar til reglugerðar nr. 816/2019 sem er í samræmi við veiðistjórnunartillögur sem Umhverfisstofnun sendi ráðuneytinu árið 2019. Reglugerðin gildir einnig fyrir árið 2021. Með hliðsjón af reglugerðinni og því að vinna er hafin við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpu sem áætlað er að verði tilbúin fyrir haustið 2022, leggur Umhverfisstofnun til að engar breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi rjúpnaveiða.

Fyrir liggur mat Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á veiðipoli rjúpnastofnsins árið 2021, sbr. greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 29. september 2021. Mælingar sýna fækkun rjúpna og í sumum landshlutum er stofnin að nálgast lágmark. Metinn veiðistofn eru 248.000 fuglar og ráðlögð veiði er um 20.000 fuglar. Miðað við hvernig veiðimenn svara breytingum í stærð rjúpnastofnsins telur NÍ að raunveruleg veiði verði yfir 30.000 fuglar. Samkvæmt mati NÍ er veiðistofninn svipaður og árið 2020. Umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað haustið 2019 að rjúpnaveiðitíminn yrði 22 dagar og að sama fyrirkomulag skyldi gilda fyrir árin 2020 og 2021, nema eitthvað óvænt kæmi upp. Í greinargerð NÍ kemur fram að niðurstöður rjúpnatalninga vorið 2021 sýndu í sjálfu sér ekkert óvænt, stofnbreytingar eru úr fasa eftir landshlutum, sums staðar er stofninn rétt að byrja að falla en annars staðar að nálgast lágmark. Veiðistofninn er þó metinn einn sá minnsti síðan mælingar hófust árið 1995.

Umhverfisstofnun boðaði til samráðsfundar þann 13. október s.l. þar sem fulltrúar frá NÍ og Skotvís mættu til að fara yfir stöðuna fyrir komandi rjúpnaveiðitímabil. Á fundinum fór NÍ yfir niðurstöður greinargerðar stofnunarinnar frá 29. september s.l. og fram fóru umræður um stöðuna. Voru fundarmenn sammála um að ástandið væri ekki gott og brýnt væri að taka upp aðferðafræði adaptive management við veiðistjórnun.

Umhverfisstofnun telur vert að nefna að Skotvís hefur undanfarið gagnrýnt friðun rjúpunnar á Reykjanesi og forsendur þar að baki. Umhverfisstofnun hyggst ekki leggja til breytingar að svo stöddu enda telur stofnunin að sú vinna tengist gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir rjúpu.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að hvetja veiðimenn til hófsamra veiða með hliðsjón af ástandi rjúpnastofnsins.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Bjarni Pálsson
teymisstjóri